

Valur Sveinsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 02. mars 2015  
UST201502-496

**Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 - 2027. Breytt lega skot- og aksturssvæðis. Tillaga að deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæðis vestan Bjarga.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfullrúa Fjarðabyggðar er barst 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 - 2027. Breytingartillagan felur í sér breytta legu skotæfingasvæðis og stækjun akstursíþróttasvæðis.

Í gildandi aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027 er afmarkað svæði fyrir skotæfingar ofan Kolabotna við Eskifjörð. Í breytingartillögu er gerð tillaga um að finna nýjan stað fyrir skotæfingar vestan Ljósár fyrir ofan akstursæfingasvæðið í Reyðarfirði.

Einnig er í breytingartillögunni gerð tillaga um að stækka ofangreint akstursíþróttasvæði sem staðsett er austan Reyðarfjarðar og vestan Bjarga, bæði til norðurs og suðurs.

**Tillaga að deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæðis vestan Bjarga.**

**Skotíþróttasvæði**

Áætlað skotæfingasvæði er 11,3 ha að stærð og er staðsett vestan Ljósár og rétt norðan við Fljótdalslínur 3 og 4. Hluti skotíþróttasvæðisins er innan þynningarsvæðis álversins. Svæðið er að hluta mólendi, vaxið kjarri og mosa og að hluta til skógræktarsvæði. Fram kemur í deiliskipulagstillögu að áætlaðar eru eftirfarandi framkvæmdir: aðstöðuhús, riffilbrautir með skothúsum, haglabyssusvæði með tveimur skeetvöllum, sportingvelli og trapvelli ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Skv. Skipulagsvefsjá er svæðið nokkuð raskað nú þegar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask, að allar framkvæmdir verði felldar að umhverfinu hvað varðar liti og ásýnd. Mikilvægt er að við uppræðslu verði staðargrður nýttur. Umhverfisstofnun hefur farið yfir umhverfisskýrslu og telur að þar sé fjallað um áhrif skotíþróttasvæðis og mótvægisáðgerðir vegna þeirra.

## Akstursíþróttasvæði

Akstursíþróttasvæðið er staðsett vestan Bjarga milli Reyðarfjarðar og áversins. Í forsendum kemur fram að búið er að afmarka vélhjólabrautir á hluta af svæðinu, en framkvæmdir eru sýrirhugaðar sem felast í því að reisa byggingar og afmarka brautir.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu um akstursíþróttasvæði hvað staðsetningu varðar. Umhverfisstofnun bendir á að akstur utan vega er bannaður skv. Laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og bendir á mikilvægi þess að allar akstursíþróttir fari fram á þar til gerðum vegum og brautum á akstursíþróttasvæðinu. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að forðast verði allt óþarfa rask við framkvæmdir. Umhverfisstofnun bendir á að frágangur á framkvæmdasvæði stóriðju í nágrenninu er góður og bendir á mikilvægi þess að frágangur á akstursíþróttasvæði og skotæfingasvæði verði einnig snyrtilegur. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að allar framkvæmdir falli vel að landi, að forðast verði allt óþarfa rask og að staðargrður verði nýttur í uppgræðslu í og við framkvæmdasvæði. Umhverfisstofnun hefur farið yfir umhverfisskýrslu og telur að sé fjallað um áhrif akstursíþróttasvæðis og mótvægisáðgerðir vegna þeirra.

Umhverfisstofnun tekur undir að áætlunin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar þar sem hún felur í sér akstursíþróttabrautir.

## Ósamræmi

Umhverfisstofnun bendir á ósamræmi milli skjala. Í tillögu að deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæði vestan Bjarga segir bls. 4: "Skotíþróttasvæðið (O23 í aðalskipulagi) er staðsett vestan við Ljósá milli þéttbýlisins í Reyðarfirði og áversins. Svæðið er 11,3 ha og er staðsett í um 140 m hæð uppi í hlíðinni, rétt norðan við Fljótsdalslínur 3 og 4 sem liggja til áversins og raflínu sem liggur milli Stuðla og Eskifjarðar."

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 – 2027 segir í kaflanum forsendur: "Um 600 metrum neðan við áætlað skotsvæði vestan Bjarga er vélhjólaþróttasvæði."

Virðingarfullst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfraðingur

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri